

Fundur öldungaráðs – haldinn í Búðardal 9. maí 2023 kl. 15.00 í Nýsköpunarsetrinu

Dagskrá:

1. Kosning formanns, varaformanns og ritara.
Samþykkt var að formaður kæmi frá Reykhólum, varaformaður frá Ströndum og ritari úr Dalabyggð. Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir var kosin formaður, Soffía Guðmundsdóttir, varaformaður og Einar Jón Geirsson ritari.
2. Endurskoðað erindisbréf m.t.t. innkomu Stranda.
Farið var yfir erindisbréf frá 2019 og gerðar á því breytingar til samræmis við þá ákvörðun að Strandir kæmu inn með fulltrúa og Félag eldri borgara á Ströndum einnig. Erindisbréfið er fylgiskjal með þessari fundargerð.
3. Verkefni framundan.
Þann 20. júní n.k. er fyrirhuguð ferð á vegum Félags eldri borgara í Dölum og Reykhólum út í Flatey á Breiðafirði, ef næg þátttaka fæst. Gönguferðir í Búðardal halda áfram í sumar en að öðru leyti er starfið í sumarfríi.
4. Önnur mál.
Félagsþjónusta Stranda hefur staðið fyrir heimsóknnum félagsþjónustu, iðjubjálfa og hjúkrunarfræðings til eldri borgara á þeirra svæði, einnig eru fatlaðir í þessum hópi. Sú þjónusta sem þessu fólki stendur til boða er kynnt og farið yfir aðstöðu á hverjum stað fyrir sig. Hver heimsókn tekur u.þ.b. 1 klst. Áhersla hefur verið lögð á til að byrja með, að ná til þeirra sem náð hafa 75 ára aldri og búa einir. Einnig til fatlaðra.

Fundi var slitið kl. 16.15.

Fundinn sátu:

Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir og Ingibjörg Kristjánsdóttir frá Reykhólum.

Soffía Guðmundsdóttir frá Ströndum.

Jón Egill Jónsson og Guðlaug Kristinsdóttir frá Dölum.

Þórunn B. Einarsdóttir frá HVE.

Fundargerð ritaði:

Guðlaug Kristinsdóttir í fjarveru Einars Jóns Geirssonar.